

Atvinnuveganefnd

Lilja Rafney Magnúsdóttir Formaður

Efni : strandveiðifrumvarpið.

Elding, félag smábátaeigenda á norðanverðum vestfjörðum.

Elding lýsir yfir mikilli ánægju með framkomið frumvarp um strandveiðar.

Með þessum breytingum og þessum 2000 viðbótartonnnum er það orðin raunhæfur kostur fyrir nýliða að hefja útgerð smábáta í strandveiðikerfinu.

Það er ekki síst að geta valið sína 12 daga að öryggi trillukarla stóreykst, á sama hátt verður það ekki tvöfalt tjón ef að upp kemur bilun í bátnum á föstu dögnum.

Það er mikið rekstraröryggi í því að geta gengið að öruggum 48 dögum yfir sumarið, þar sem að það eru litlar líkur á skerðingum eftir viðbótina og að eigendaákvæðinu verði framfylgt

Verð á mörkuðum mun verða stöðugra (dæmi er um línubáta sem ekki róa fyrstu dagana í hverjum strandveiðimánuði undanfarin ár)

Ufsaákvæðið gengur þó ekki upp, verð á ufsa eins og öðrum fiski hefur lækkað mikið, það má gera ráð fyrir að verðið á mörkuðum verði 50 – 60 kr/kg það þýðir að sjómaðurinn fær 10 – 12 kr/kg . löndunar, sölu og ískostnaður er á bilinu 8 – 9 kr/kg

Eina raunhæfa ráðið varðandi ufsan er að hafa hann utan kvóta. Það er ekki tekin nein áhætta varðandi stofninn því mikið hefur brunnið inni undanfarin ár

f.h. Eldingar

Ketill Elíasson



B/t Atvinnuveganefndar

Reykjavík 26. Febrúar 2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (útboð viðbótarþorskkvóta.)

Breytingargreinin er stutt og hljóðar upp á að verði þorskkvóti aukinn á fiskveiðiárinu 2018-2019, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal ráðherra standa fyrir útboði á viðbótarkvótanum. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur umframkvæmd útboðsins.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að sveiflur í arðsemi veiða og vinnslu dragi úr líkum á pólitískum inngripum um ákvörðun leiguverðs og útgerðin sjálf ákveði það gjald sem hún telur ásættanlegt. Litlu neðar er bent á að í útfærslu tilboðsleiðar verði auðvelt að taka tillit til byggðasjónarmiða, koma í veg fyrir samþjöppun og virða sérstöðu minni útgerða og „**ef rétt er á málum haldið**“ verði undið ofan af því óréttlæti sem felst í því að ávinningur af hagræðingu innan útgerðarinnar renni í vasa fárra og íbúar sjávarbyggða beri kostnaðinn. Vart er hægt að hugsa sér jafn áberandi og afgerandi áform um pólitísk inngrip í stjórn fiskveiða eins og þeim sem felast í ofangreindum texta.

Spurningunni sem er ósvarað er, hverjir kæmu til með að hafa heimild til að bjóða í „væntanlega“ þorskkvótaaukningu og hverjir ekki, þegar þeir sem telja sig þess umkomna að halda rétt á málum hafa farið sínum „ópólitísku“ höndum um frumvarpið? Tilvitnun í fiskmarkaði sem góðar fyrirmyndir um starfsemi þar sem markaðslausnir ráði ríkjum er vísað á bug þar sem sífellt meiri brögð eru að því að fiskur sé seldur í beinum viðskiptum í gegnum markaði í stað þess að vera boðinn upp eins og lög gera ráð fyrir að gert sé á uppboðsmarkaði.

Félag skipstjórnarmanna leggst alfarið gegn frumvarpinu.

F.h. FS

Árni Bjarnason
formaður



Virðulega atvinnuveganefnd, Heiti þingmáls.: Stjórn fiskveiða.

Númer þingmáls.: 6. Mál lagafrumvarp 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Vil að eftirfarandi komi fram við umfjöllun um út boð á viðbótar þorskvóta.

Alþingi hefur ákveðið að fiskstofnar séu sameign íslensku þjóðarinnar og að liðin notkun myndi ekki eignarrétt né að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða verður ekki stofn til bótaskyldu.

Því er ekkert því til fyrirstöðu að viðbótar þorskvóti fari á uppboðamarkað, helstu kostir þess væru eftirfarandi:

1. Allir hefðu tök á bjóða í kvótan.
2. Nýliðun gæti orðið auðveldari.
3. Almenn markaðsverð kæmi í ljós. Í góðæri er hægt að bjóða hátt, en í verri árum lækkar verðið. Sveiflujöfnun.
4. Verulegar fjárhæðir kæmu í ríkissjóð, þær fjárhæðir liggja nú í dvala vegna þeirrar sérhagsmunagæslu, sem nú er stunduð.
5. Hleypum frelsinu út og gefum framtaksömum og duglegum sjómönnum tækifæri til að bjóða í fiskiskvóta á "réttu" markaðsverð
6. Það er furðuleg sameign, sem aðeins brot af eigendunum fær tækifæri til að nýta.

Breytum því.

Virðingar fyllst,

Sendandi: Hannes Sigurðsson, Hrauni 2. 816 Ölfusi. kt. 060550-4179.

With best regards/með bestu kveðju

Hannes Sigurðsson

Hafnarnes VER

Atvinnuveganefnd Alþingis

Reykjavík 28. febrúar 2018

Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 með síðari breytingum (útboð viðbótarþorskkvóti) mál nr. 6

Á 33. aðalfundi LS sem haldinn var 18. og 19. október 2017 var eftirfarandi samþykkt:

„Aðalfundur LS mótmælir harðlega öllum hugmyndum um uppboðsleið á affaheimildum.“

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að við útfærslu verði unnið gegn samþjöppun og sérstaða minni útgerða virt.

„Í útfærslu tilboðsleiðar er auðvelt að taka tillit til byggðasjónarmiða, koma í veg fyrir samþjöppun og virða sérstöðu minni útgerða“,

eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Þrátt fyrir það jákvæða viðhorf sem hér gefur að líta í garð útgerða smábáta samhliða áhyggjum LS á samþjöppun útgerða mælir LS ekki með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Axel Helgason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
b/t atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ólafsvík 22.febrúar 2018

Efni: Umsögn Samtaka smærri útgerða um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 6. mál.

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 15. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka smærri útgerða (SSÚ) um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 6. mál.

Útgerð smábáta hefur verið erfið undanfarin ár vegna breyttra rekstrarskilyrða. Lækkun fiskverðs m.a. vegna styrkingar krónunnar og hækkun veiðigjalds hefur komið illa við rekstur krókabáta sem hefur leitt til mikillar fækkunar og samþjöppunar hjá krókaafلامarksútgerðum. Í gegnum tíðina hafa útgerðir þurft að taka á sig skerðingar í því markmiði að byggja upp þorsstofninn. Nú þegar árangur er að nást þykir okkur eðlilegt að aukningin komi til baka til útgerðanna.

Stjórn SSÚ leggst því gegn hugmyndum um útboð viðbótarþorskkvóta í framkomnu frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða 6.mál.

Virðingarfyllt,

Bárður Guðmundsson
formaður



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. mars 2018.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 6. mál.


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verði þorskveiðiheimildir fyrir næsta fiskveiðiár auknar frá yfirstandandi fiskveiðiári skuli sú aukning fara í útboð skv. nánari reglum sem ráðherra setur.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að framangreind tilboðsleið muni styrkja rekstrarumhverfi sjávarútvegsins til lengri tíma þar sem duttlungar stjórnámálanna muni þá ekki ráða ófyrirséðum breytingum, m.a. á veiðigjaldi, frá einu kjörtímabili til annars. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þetta fyrirkomulag eigi aðeins að gilda fyrir næsta fiskveiðiár, en reikna má með að flutningsmenn geri ráð fyrir að reglan verði fest í sessi til framtíðar. Aðeins er gert ráð fyrir að þessi tilhögun verði vegna aukinna þorskveiðiheimilda en ekkert getið um það hvað eigi að gerast ef veiðiheimildir í þorski verða minnkaðar frá því sem nú er. Þá eiga útgerðirnar væntanlega að taka á sig skerðinguna í samræmi við þá aflahlutdeild sem þær hafa. Varðandi duttlunga stjórnámálanna er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ráðherra setji nánari reglur um útboðið og geti bundið það ákveðnum skilyrðum, t.d. vegna byggðasjónamiða eða vegna „sérstöðu“ minni útgerða. Væntanlega gera flutningsmenn frumvarpsins þá ráð fyrir að ráðherrann sem setur reglurnar sé yfir duttlunga stjórnámálanna hafinn.

Sjómannasamband Íslands bendir á að það eru fleiri fisktegundir sem veiðast við Íslandstrendur en þorskur. Flestar þeirra eru einnig í kvóta. Mest ásókn er þó í þorskveiðiheimildir þar sem þær skila mestum tekjum. Þó svo að þorskveiðiheimildir aukist milli fiskveiðiára er ekki gefið að veiðiheimildir annarra tegunda aukist eða standi í stað á sama tíma. Þær geta minnkað. Rétt er að benda flutningsmönnum á að það er fjöldi sjómanna í starfi hjá bæði stórum og smáum útgerðum sem hafa lífsviðurværi sitt af því að veiða fisk. Þorskveiðiheimildirnar eru mikilvægar í því sambandi og því óásættanlegt að stjórnámálammenn vilji sí og æ skerða tekjumöguleika þeirra sem þegar hafa atvinnu af sjómennsku með því að færa fiskveiðiheimildir frá þeim til einhverra annarra.

Margt fleira er hægt að segja frumvarpinu til foráttu, en Sjómannasamband Íslands hafnar alfarið þessu frumvarpi og telur að verði það að lögum skaði það hagsmuni sjómanna.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Undirritaður er fullkomlega sammála 1. grein tillögunnar að lagabreytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Við útfærslu tilboðsleiðar skal setja reglur sem taka tillit til byggðasjónarmiða, koma í veg fyrir samþjöppun aflaheimilda og virða sérstöðu minni útgerða.

Leita í smiðju nágrannaþjóða eftir góðum fyrirmyndum af tilboðsleiðum við úthlutun náttúruauðlinda.

Þökk fyrir tillögu að lagabreytingunni.

Unnar Þór Böðvarsson, strandveiðimaður frá Vestfjörðum

Smá viðbót: Eftir stendur að lagfæra þann óréttláta mismunun sem er á úthlutun aflaheimilda á svæði í strandveiðikerfinu - bið um að það verði skoðað. T.d. mætti verja hluta af viðbótaraflaheimildum til að lagfæra afláúthlutun á svæði í strandveiðikerfinu.

Unnar Þór